

Reykholahreppur
Skipulagsfulltrúi
Reykholum
380 Reykholahreppur

Garðabær, 10. júlí 2025
202506-0034/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Reykholahrepps 2022 - 2034 - Flatey - íbúðarbyggð - Reykholahreppur

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Reykholahrepps vegna skipulagslýsingar fyrir breytingu á aðalskipulagi Reykholahrepps í Flatey á Breiðafirði sem barst Náttúruverndarstofnun 6. júní sl. Í greinargerð kemur fram að lýsingin tekur til breytingar á landnotkun svæðanna F4 (Vesturbúðir) og F6 (Þorpið) úr frístundabyggð í íbúðarbyggð og felur jafnframt í sér stefnumótun um þróun byggðar í Flatey.

Friðland í Flatey

Náttúruverndarstofnun bendir á að hluti Flateyjar og nærliggjandi svæði eru friðlýst sem friðland, samkvæmt auglýsingu nr. 955/2021. Friðlandið nær yfir Flatey, austan línu sem dregin er þvert frá Lundabergi að vestan að austanverðri eyinni að lóðamörkum Klausturhóla ásamt eyjum og hólum sem liggja suður af austanverðri Flatey. Svæðið var friðlýst vegna mikilvægra búsvæða fugla sem þar verpa, dvelja og hafa viðkomu vor og haust. Þar er fjölbreytt fuglalíf allt árið, þar á meðal tegundir sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 64/1994 og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands samkvæmt Bernarsamningnum.

Náttúruverndarstofnun bendir á að fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi tekur til svæðanna F4 og F6 innan byggðar í Flatey, en nær ekki yfir friðlandið sjálft. Þrátt fyrir það er brýnt að umhverfismat breytingarinnar taki mið af nálægð við friðlandið og meti möguleg afleidd áhrif af aukinni íbúðarbyggð, mannvirkjagerð og ferðaþjónustu á fuglalíf og vistkerfi sem friðlýsingin tekur til.

Náttúruverndarstofnun bendir á að við mat á áhrifum framkvæmda í grennd við friðlýst svæði skuli samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 gera grein fyrir hugsanlegum áhrifum á verndarmarkmið svæðisins og mótvægisáðgerðum, eftir því sem við á. Þessi skylda gildir jafnframt þegar framkvæmdir fara ekki fram innan friðlandsins en kunna að hafa áhrif á það vegna nálægðar, truflunar eða breytinga á landnýtingu og aðgengi.

Verndarsvæði og byggðarmynstur

Náttúruverndarstofnun bendir sérstaklega á að allar tillögur um breytingar á landnotkun og byggingarformi innan verndarsvæðis þurfi að styðja við markmið verndaráætlunar fyrir Flatey og miða að því að styrkja sérkenni byggðar. Þá bendir stofnunin á að samkvæmt 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ber við skipulagsgerð að gæta verndar landslags, ásýndar og menningarminja, og

að metin séu sjónræn áhrif mannvirkja og breytinga í byggð. Þetta á sérstaklega við þar sem byggð hefur sérstakt varðveislugildi vegna sögu, staðaranda og menningarminja eins og á við í Flatey.

Landslag og náttúrufar

Náttúruverndarstofnun bendir á að í skipulagslýsingunni vanti umfjöllun um náttúrufarslega þætti og að slík umfjöllun sé nauðsynleg í umhverfismati.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Flatey sé hluti viðkvæms vistkerfis með strandsvæðum og votlendi þar sem fuglalíf er fjölbreytt og þétt. Mat á áhrifum framkvæmda og búsetuaukningar þarf að taka mið af þessu, og tryggja vernd búsvæða fugla, þar á meðal ábyrgðartegunda Íslands.

Náttúruverndarstofnun bendir einnig á að þessi verndarsjónarmið falli undir alþjóðlegar skuldbindingar Íslands samkvæmt Bernarsamningnum.

Virðingarfyllt,

Hákon Ásgeirsson

sviðsstjóri

Fróði Guðmundur Jónsson

sérfræðingur